

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 2/2017**

Kæra Brú Venture Capital ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2017.

1. Þann 28. september 2017 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2017: Kæra Brúar Venture Capital ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2017 frá 19. janúar 2017. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 10. febrúar 2017, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2017 frá 19. janúar sama ár, um að ekki sé ástæða til aðgerða Neytendastofu í tilefni af kvörtun kæranda vegna notkunar Brú lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu Brú. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

**MÁLAVEXTIR**

4. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að málið eigi uppruna sinn að rekja til erindis kæranda, dags. 4. ágúst 2016, þar sem kvartað hafi verið yfir notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ. Í bréfinu segi að fram hafi komið í fréttum og á vefsíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að nafnið Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga verði nýtt nafn lífeyrissjóðsins. Í samræmi við þetta hafi lífeyrissjóðurinn látið skrá vörumerkið BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA hjá Einkaleyfastofu. Þá megi sjá á vefsíðu Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, lifbru.is, að notkun auðkennisins virðist fremur vera með þeim hætti að notað sé eingöngu auðkennið Brú eða Brú lífeyrissjóður. Hafi sjóðurinn breytt nafni sínu í fyrirtækjaskrá í Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.
5. Kærandi kvarti undan og mótmæli harðlega notkun og skráningu lífeyrissjóðsins á auðkenninu BRÚ í hvaða formi er. Kærandi hafi um margra ára skeið notað auðkennið BRÚ fyrir ýmsa fjármála- og fjárfestingastarfsemi sína. Auðkennið hafi kærandi fyrst og fremst notað bæði hérlandis og erlendis, ekki síst undir nafninu Brú Venture Capital ehf., sem skráð sé í fyrirtækjaskrá, auk þess sem hann haldi úti vefsíðunni bru.is og hafi haldið á léninu frá árinu 2003. Þá hafi kærandi jafnframt notað auðkennið Brú fyrir eftirfarandi fyrirtæki í tengslum við fjármála- og fjárfestingastarfsemi sína: Brú Framtak, Brú II Sicar, Brú Fjárfestingar, Brú Emerald og Brú II. Kærandi hafi jafnframt notað auðkennið sem meðlimur í ýmsum samtökum fjárfesta erlendis, sem þátttakandi í samfjárfestingum og í fjárfestingaverkefnum innanlands og erlendis.

6. Kærandi telji að með notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ með hvaða hætti sem það sé samsett eða ritað, Brú Lífeyrissjóður og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, sé m.a. brotið gegn 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
7. Í erindi kæranda kemur fram að forsvarsmönnum Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hafi verið fullkunnugt um notkun kæranda á auðkenninu, enda hafi stjórn Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga falið framkvæmdastjóra þess að falast eftir kaupum á léninu bru.is af kæranda. Ásetningur forsvarsmanna Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga virðist því vera algjör við brot á réttindum kæranda samkvæmt lögum nr. 57/2005. Kærandi vísi til 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. a. laganna. Í umfjöllun um sambærileg ákvæði og reifuð séu að ofan hafi m.a. komið fram að af ákvæðunum megi ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Þrátt fyrir að útilokað sé að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verði að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig megi vera ljóst að viðskiptaaðferðir sem sýnilega séu óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum séu andstæðar ákvæðunum. Þegar framkvæmdastjóri Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hafi leitast eftir því að kaupa lénið bru.is af kæranda hafi honum mátt vera fullljóst að annar aðili væri að nota auðkennið Brú í fjárfestingarstarfsemi. Samt sem áður velji Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga að nota heitið Brú í fjárfestingarstarfsemi sinni sem í samræmi við framangreint sé óheiðarlegt og ósanngjarn gagnvart kæranda og villandi gagnvart öðrum, auk þess sem það brjóti gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005.
8. Þó svo að auðkenni Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé auðkenni lífeyrissjóðs og að starfsemi kæranda og Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé ekki nákvæmlega sú sama, þá sé ljóst að meginstarfsemi lífeyrissjóða séu fjárfestingar og það sama gildi um kæranda. Þannig leiti t.a.m. aðilar í leit að fjárfestingu til beggja aðila, sem skapi verulega ruglingshættu. Ruglingshættan sé enn meiri þegar Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga noti auðkennið Brú eitt og sér eins og dæmi séu um á vefsíðu hans, enda hafi kærandi gert slíkt hið sama í langan tíma. Í báðum tilvikum sé um að ræða aðila þar sem aðalstarfsemi sé fjárfestingar og hafi Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga valið að nota heiti á starfsemi sinni sem sé almennt og þegar í notkun af öðrum aðila, þ.e. einmitt athöfn sem ákvæðum laga nr. 57/2005 sé ætlað að vernda. Á sambærileg mál hafi reynt áður og hafi réttur fyrirtækja til auðkennis verið viðurkenndur í sambærilegu máli jafnvel þó fyrirtæki hafi ekki starfað á sambærilegu sviði, þó það eigi ekki við í þessu máli, en sýni hvað vernd auðkennis sé rík. Hér megi t.a.m. nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá árinu 1962, sem birtist í dómasafni réttarins frá því ári á bls. 475, þar sem hljómsveitinni Plúðó-Sextett hafi verið talið óheimilt að nota framangreint nafn þar sem firmanafnið Plútó hf. hefði öðlast lögverndaðan rétt á notkun heitisins. Einnig megi vísa til ákvörðunar Neytendastofu 12. október 2006 (11/2006), þar sem

talið hafi verið að ruglingshætta væri á milli Orms Lyfta og Bræðranna Ormsson. Að lokum skuli bent á Ufr. 1998, bls. 199, þar sem samkeppnisaðila Action A/S hafi verið meinað að nota nafnið Action Marketing enda hafi það verið í andstöðu við dönsk lagaákvæði sambærileg við ákvæði laga nr. 57/2005.

9. Kærandi bendi einnig á myndmerki beggja aðila, en í þeim efnum hafi Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga eignað sér hugmyndafræði kæranda með brú í myndmerki sínu sem styðji enn frekar þá ruglingshættu sem þegar hafi verið fjallað um. Kærandi hafi notað myndmerki sitt almennt án undirheita og með undirheitum. Myndmerki Brúar Venture Capital sé annars vegar bogadregin lína eða brú í dökkum bláum lit þar sem orðið „brú“ komi fyrir í lágstöfum og myndi miðhluta brúarinnar. Hins vegar sé um að ræða sama myndmerki en undir myndinni sé í svörtu letri og hástöfum, en þó með smærra letri, ritað „VENTURE CAPITAL“. Myndmerki Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé mynd af fjórum bogadregnum línu eða brúm; ein rauð, ein gul, ein græn og ein blá. Við hlið myndarinnar standi í svörtu letri og hástöfum „BRÚ“ og þar undir í sama letri og sömu stærð með lágstöfum „lífeyrissjóður“. Að lokum er þess í bréfi kæranda krafist að Neytendastofa banni Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga alla notkun auðkennisins BRÚ fyrir hvers kyns starfsemi sína sem lífeyrissjóður, fjármálafyrirtæki og fjárfestingaraðili.
10. Erindi kæranda var sent Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga með bréfi Neytendastofu, dags. 4. ágúst 2016. Svar barst með bréfi, dags. 26. ágúst 2016, þar sem mótmælt er öllum fullyrðingum kæranda um notkun til margra ára á auðkenninu BRÚ fyrir ýmsa fjármála- og fjárfestingastarfsemi og vísað til þess að engin gögn hafi verið lögð fram sem renni stoðum undir slíkar fullyrðingar. Þegar af þessum ástæðum sé ekki hægt að taka kvörtunina til greina hvað meinta notkun varði. Í bréfinu segir að kærandi hafi vísað til þess að félagið sé skráð í fyrirtækjaskrá, auk þess sem það haldi úti vefsíðunni bru.is. Þá haldi kærandi því fram að félagið hafi notað auðkenni BRÚ fyrir tiltekin fyrirtæki í tengslum við starfsemi sína. Lífeyrissjóðurinn bendi á að við athugun í fyrirtækjaskrá finnist skráð fyrirtækið „Brú Venture Capital“ með starfsemi skráða undir flokkinn „62.20.0 Starfsemi eignarhaldsfélaga“. Stofngögn séu frá árinu 2008 en í þeim komi fram að tilgangur félagsins sé „kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur“. Í aukatilkynningu til fyrirtækjaskrár, sem móttækin hafi verið 23. maí 2012, komi fram að heiti fyrirtækisins hafi verið skráð Thule Englar ehf. en nýtt nafn verði Brú Venture Capital ehf. Heitið Brú Venture Capital ehf. komi því ekki til fyrr en með þessari tilkynningu frá 2012. Árið 2015 hafi ársreikningi ekki verið skilað og sé því ekki að finna í fyrirtækjaskrá neinar upplýsingar um starfsemi þess síðan árið 2013. Önnur heiti sem kærandi nefni sé ekki að finna í fyrirtækjaskrá. Brú Framtak virðist hafa verið til sem fyrirtæki en það hafi verið afskráð árið 2010. Brú Fjárfestingar virðist einnig hafa verið skráð sem fyrirtæki en sé í dag afskráð. Það virðist hafa verið sameinað öðru fyrirtæki árið 2004. Fyrirtækin Brú II Sicar, Brú Emerald og Brú II séu ekki til skráð í fyrirtækjaskrá.

11. Til að gæta allrar sanngirni hafi Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga fundið fyrirtækið Brú II Ísland ehf. sem virðist hafa verið skráð árið 2008. Það félag hafi áður heitið Endurreisn ehf. en fengið nafnið Brú II Ísland ehf. árið 2009. Ársreikningi fyrir Brú II Ísland hafi heldur ekki verið skilað árið 2015, sem þýði að í fyrirtækjaskrá sé ekki að finna neinar upplýsingar um starfsemi síðan árið 2013. Heimasíðan sem kærandi vísi til, bru.is, sé uppi en einungis sem nokkurs konar „frontur“ enda séu engir virkir tenglar á síðunni. Vert sé að taka fram að áður en Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi ákveðið að taka upp heitið hafi síða undir lélinu bru.is litið öðruvísi út en hún geri í dag. Á þeim tímapunkti, ef slegið hafi verið inn lénið bru.is, hafi komið upp vefsíðan thuleinvestments.is. Svo virðist því sem kærandi hafi nýlega, eftir að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi tekið upp notkun á auðkenninu BRÚ, breytt notkuninni á viðkomandi léni og þá mögulega hafið notkun þess að nýju. Meint notkun kæranda á auðkenninu BRÚ á erlendri grundu, og aftur án þess að nein gögn liggi fyrir til grundvallar fullyrðingum um slíka notkun, sé þessu máli óviðkomandi enda skapi slík notkun ekki einkarétt á Íslandi eða hafi áhrif á atvinnustarfsemi hér á landi.
12. Vert sé einnig að benda á að af þeim upplýsingum sem aðgengilegar séu virðist svo vera að meint notkun kæranda á auðkenninu BRÚ tengist notkun í tengslum við rekstur og umsýslu á fjárfestingasjóði. Um fagfjárfestingasjóði gildi lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 128/2011 haldi Fjármálaeftirlitið skrá yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði þar sem fram komi allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Fjármálaeftirlitið hafi birt lista yfir fagfjárfestingasjóði, sem síðast hafi verið uppfærður þann 10. ágúst 2016. Á þeim lista sé hinum meinta fagfjárfestingasjóði sem kærandi vísi til hvergi getið. Til að fá nánari upplýsingar hafi verið haft samband við Fjármálaeftirlitið í tengslum við það hvort kærandi hafi einhvern tíma verið á þessum lista og hafi fengist þær upplýsingar að svo hafi ekki verið. Bendi það til þess að hafi notkun auðkennanna einhvern tíma átt sér stað hafi hún í það minnsta fallið niður nú, sem aftur sé í samræmi við það sem áður hafi komið fram, að ársreikningi fyrir þau fyrirtæki sem skráð séu, hafi ekki verið skilað. Það sem eftir standi því í kvörtun kæranda um meintan einkarétt félagsins eða notkun á auðkenninu BRÚ og unnt sé mögulega að hafa hliðsjón af í málinu sé sú staðreynd að finna megi fyrirtækjaheitið Brú Venture Capital ehf. í fyrirtækjaskrá. Það heiti hafi verið tekið upp árið 2012. Engar vísbendingar séu þó um starfsemi í þessu fyrirtæki allt frá árinu 2013.
13. Kærandi virðist þar fyrir utan nýlega hafa sett upp að nýju heimasíðu á vefslóðinni bru.is. Síðan virðist einungis „frontur“ sem hafi enga virka tengla og gefi upplýsingar um ýmsa sjóði sem m.a. innihaldi auðkennið BRÚ í heiti sínu en sé ekki að finna á opinberum listum Fjármálaeftirlitsins um fagfjárfestingasjóði sem séu í starfsemi hér á landi. Tilgangur síðunnar sé því umdeilanlegur, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Eftir standi því, þrátt fyrir fullyrðingar kæranda um annað, að það sé ekki að finna neina fjármála eða fjárfestingastarfsemi, né aðra starfsemi hér á landi, undir auðkenninu BRÚ á vegum kæranda. Í 1. gr. laga nr. 57/2005 komi fram að löggin taki til hvers konar atvinnustarfsemi og í 2. gr. sé nánar tilgreint að löggin taki til

samninga, skilmála og athafna aðila sem hafi eða ætlað sé að hafa áhrif hér á landi. Í þessu sambandi vilji Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga benda á að ljóst sé að lögunum sé ætlað að vernda athafnir aðila sem hafi eða sé ætlað að hafa áhrif í atvinnustarfsemi hér á landi. Þegar af þeirri ástæðu sé erfitt að sjá að kærandi geti byggt erindi sitt á þessum lögum. Eins og rakið hafi verið að framan sé ekkert sem liggi fyrir sem bendi til þess að kærandi sé í atvinnustarfsemi hér á landi undir auðkenninu BRÚ. Þrátt fyrir að fram komi á heimasíðu undir léninu bru.is að félagið haldi úti ýmsum fjárfestingasjóðum sem beri ýmis nöfn, sem meðal annarra innihaldi auðkennið BRÚ, sé ekkert annað á þeirri vefsíðu eða annars staðar sem styðji að þessar fullyrðingar um starfsemi eigi við rök að styðjast. Þvert á móti hafi þau fyrirtæki sem skráð hafi verið í fyrirtækjaskrá verið afskráð auk þess sem enga sjóði sé að finna á lista Fjármálaeftirlitsins um fagfjárfestasjóði sem innihaldi auðkennið BRÚ í heiti sínu. Kærandi hafi því enga hagsmuni í málinu og beri því ekki að taka kvörtun félagsins til greina.

14. Verði ekki fallist á ofangreind sjónarmið vilji Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga jafnframt benda á eftirfarandi: Kærandi vísi til þess í bréfi sínu að félagið telji að notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ sé m.a. brot á 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. msl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þá hafi Neytendastofa sjálf bent á að ákvæði 5. gr. sömu laga geti átt við um erindið. Áður en farið verði yfir fullyrðingar kæranda um meint brot á einstökum ákvæðum laganna sé vert, þar sem lög nr. 57/2005 séu að mörgu leyti til fyllingar á lögum um vörumerki, að taka af allan vafa um að kærandi eigi engin skráð vörumerki sem innihaldið orðið BRÚ. Hvorki fyrir fjármálaþjónustu né aðrar vörur eða þjónustu. Mögulegur vörumerkjaréttur félagsins á grundvelli notkunar sé heldur ekki til staðar. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki geti vörumerkjaréttur stofnað með notkun vörumerkis sem sé og hafi verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu.
15. Í 5. gr. laga nr. 45/1997 sé að finna upptalningu á því hvað átt sé við með notkun á vörumerki í atvinnustarfsemi. Þar komi fram að með notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi sé m.a. átt við að merki sé sett á vöru eða umbúðir hennar, vara eða þjónusta auðkennd með merki sé flutt inn eða út eða merki notað í auglýsingum, bréfhausum eða á annan sambærilegan hátt. Þrátt fyrir að ekki sé um tæmandi talningu að ræða megi ráða að notkunin verði að vera raunveruleg (e. genuine use) og að henni verði að vera beint til neytenda á markaði, sbr. dóm ECJ í máli nr. C40/01 (Ansul-málið), þar sem dómurinn hafi áréttað að í raunverulegri notkun vörumerkis fælist eftirfarandi: „[...] entails use of the mark on the market for goods or services protected by the mark and not just internal use of the undertaking concerned“. Það sé því alveg ljóst að kærandi hafi ekki, á grundvelli þeirrar meintu notkunar sem félagið haldi fram að hafi átt sér stað, stofnað til vörumerkjaréttar yfir auðkenninu BRÚ - hvorki fyrir fjármálastarfsemi ná aðra vöru eða þjónustu. Til þess að svo megi vera sé ljóst að notkunin þurfi að vera samfelld og óslitin. Einnig sé litið til þess hvort notkun sé enn til staðar og hversu lengi hún hafi staðið. Því lengri og samfelldari notkun sem hægt sé að sýna fram á, þeim mun líkleggra sé að vörumerkjaréttur hafi stofnast, sbr. úrskurð Einkaleyfastofunnar í andmælamáli nr. 10/2012, þar sem ekki hafi verið fallist á að um notkun væri að ræða m.a. þar sem notkun hafi verið hætt.

16. Hvað varði meint brot gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 sé það mat Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að það ákvæði eigi ekki við í máli þessu en ákvæðið snúi að vernd hagsmuna neytenda annarra en fjárhagslegra. Ákvæði 13. gr. komi inn með breytingalögum frá árinu 2008 og snúi, eins og áður segi, að vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra. Í skýringum með ákvæðinu sé í þessu sambandi talað um atriði eins og „smekk og velsæmi“ sem heyrt geti undir þetta ákvæði. Verði ekki séð að slíkt eigi við í þessu máli. Öllum fullyrðingum um brot á þessu ákvæði sé því hafnað.
17. Varðandi vísun til 1. mgr. 14. gr. vilji Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga benda á eftirfarandi. Notkun sjóðsins á auðkenninu BRÚ geti á engan hátt talist fela í sér að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga „[...]“ sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð [...]“ eins og fram komi í ákvæðinu. Engar sannanir séu lagðar fram um það að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sé að veita slíkar upplýsingar gagnvart keppinautum eins og áskilið sé í ákvæðinu. Ákvæðið fjalli ekki um auðkenni sem notuð séu á markaði. Það sé því einnig mat Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að framangreint ákvæði eigi ekki við um þá kvörtun sé hér sé til umfjöllunar.
18. Eftir standi þá 5. gr. og 15. gr. a. laganna. Í 5. gr. komi fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaði. Hvað telja verði óréttmæta viðskiptahætti sé síðan nánar tilgreint í III. –V. kafla laganna. Í þeim efnunum geti óréttmætir viðskiptahættir talist athafnir sem brjóti gegn 15. gr. a. laganna. Í fyrri málslið 15. gr. a. komi fram bann við að nota auðkenni sem annar eigi og að reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Seinni málsliður banni að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Í stuttu máli megi segja að ákvæði 15. gr. a. sé ætlað að vernda auðkenni gegn því að annar aðili í samkeppni noti annað eða eins auðkenni á þann hátt að ruglandi geti talist. Við mat á þessari hættu á ruglingi þurfi svo að horfa til þess hvort fyrirtækin tvö starfi á sama markaði, með hvaða hætti auðkennin séu notuð og hvort fyrirtækin tvö hafi sama markhóp. Hvað auðkennið sjálft varði, eða orðið BRÚ, sé meint notkun kæranda ávallt notkun á því orði sem hluti af stærra samhengi, samanber Brú Venture Capital. Það sama eigi við um notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ. Þegar af þeirri ástæðu sé engin hættu á ruglingi til staðar. Hvað það varði beri að nefna sérstaklega að fyrirtækjaskrá, sem starfi m.a. á grundvelli laga nr. 42/1903 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafi skráð án athugasemda nýtt heiti Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í fyrirtækjaskrá þrátt fyrir fyrri skráningar í eigu kæranda. Vert sé í því sambandi einnig að benda á að þegar slegið sé upp heitinu BRÚ í fyrirtækjaskrá komi í raun upp 20 fyrirtæki sem innihaldi orðið BRÚ í heiti sínu. Af þeim séu reyndar 10 afskráð en 10 séu með virka skráningu. Hvað varði starfsemi aðila sé það alveg ljóst að þrátt fyrir að báðir noti hugsanlega sama auðkenni eða auðkennið BRÚ sem hlut af sínu heiti sé sú notkun á gjörólíkum markaði og hafi fyrirtækin að sama skapi gjörólíka

markhópa. Meint starfsemi kæranda undir heitinu Brú að viðbættum öðrum orðum virðist, eins og áður hafi komið fram, vera á sviði fagfjárfestasjóða. Eins og að framan sé rakið gildi lög nr. 128/2011 um starfsemi fagfjárfestasjóða. Fagfjárfestasjóður sé sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu standi fagfjárfestum til boða, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna sé með fagfjárfestum átt við viðskiptavini sem búi yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgi. Starfsemi Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé á sviði lífeyrissjóða. Um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra gildi önnur lög eða lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með lífeyrissjóði sé samkvæmt lögnum átt við félag eða stofnun sem veiti viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra. Öllum launamönnum og þeim sem stundi atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna.

19. Varðandi samanburð á þeirri meintu þjónustu sem kærandi kveðist bjóða upp á undir heitinu Brú, og þjónustu þeirri sem merki Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé ætlað að auðkenna, sé ljóst að um sé að ræða þjónustu sem ekki sé í samkeppni. Kærandi og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga séu ekki keppinautar á markaði. Mismunandi lög gildi um starfsemi þeirra auk þess sem markhópur beggja sé gjörólíkur. Annars vegar sé hópurinn fagfjárfestar og hins vegar almennir launamenn. Það sé því alveg ljóst að erindi kæranda eigi við engin rök að styðjast. Engin hættu sé á því að notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ sem hluta af heiti sínu valdi hættu á ruglingi við kæranda í meintum rekstri þeirra.
20. Þá sé vert að fjalla stuttlega um það sem kærandi vísi til sem vísbendingu um vísvitandi brot af hálfu Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á þeirra auðkenni eða því sem framkvæmdastjóri sjóðsins hafi nálgast félagið og falaðist eftir því að fá lénið bru.is keypt. Alvanalegt sé að lén gangi kaupum og sölum. Lén og skráning þeirra feli ekki í sér neinn einkarétt á viðkomandi auðkenni sem í léninu kunni að felast. Einungis sé um að ræða „heimilisfang“ á Internetinu. Það sé alveg ljóst að aðilar í ólíkum rekstri geti notað sömu auðkenni fyrir ólíka starfsemi. Þegar Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi orðið var við að kærandi hafi átt lén sem sjóðurinn hafði áhuga á og það lén hafi ekki verið í virkri notkun sé ekkert eðlilegra í viðskiptum en að falast eftir slíku léni til kaups. Það hafi aldrei verið mat Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að nokkur ruglingur geti orðið á þeirri meintu starfsemi sem kærandi kveðist halda úti og starfsemi sjóðsins. Það að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga falaðist eftir léninu til kaups staðfesti það fremur en nokkuð annað. Að endingu vísi kærandi til þess að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi jafnframt „eignað sér þá hugmyndafræði“ kæranda að notast við brú í myndmerki sínu og auki það enn frekar á ruglingshættu sem kunni að vera til staðar á milli auðkennanna tveggja. Í erindi sínu sýni kærandi mynd af ólíkum myndmerkjum beggja aðila sem í raun sýni svart á hvítu hversu ólík framsetning auðkennanna sé. Um gjörólík merki sé að ræða að öðru leyti en

Því að fallist verði á að bogadregna línu megi finna í báðum merkjum. Notkun bogadreginna lína í merkjum sé gríðarlega algeng og að finna í ótal merkjum á markaði í dag. Engin önnur líkindi séu til staðar með merkjunum tveimur að mati Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Öllum fullyrðingum um annað sé hafnað. Með vísan til alls ofangreinds sé þess krafist að Neytendastofa taki ekki til greina kvörtun kæranda.

21. Bréf Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. september 2016. Svar barst með bréfi, dags. 16. september 2016. Í bréfinu segir að því sé ranglega haldið fram í bréfi Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að heitið Brú Venture Capital hafi ekki komið til fyrr en árið 2012. Hið rétta sé að nafnið hafi verið notað síðan árið 2003. Félagið Frumkvöðull ehf., sem nú hafi verið slitið, hafi áður heitið Brú Venture Capital en félagið sem nú heiti því nafni hafi eignast rétt til þess að notast við nafnið í viðskiptum sem ekki hafi þýðingu fyrir það mál sem hér sé til umfjöllunar. Í framhaldinu hafi bæði félög breytt um nöfn, þ.e. Thule Englar hafi breyst í Brú Venture Capital og Brú Venture Capital í Frumkvöðull. Jafnframt segi í bréfi Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að önnur heiti sem Brú Venture Capital hafi notað séu ekki skráð í fyrirtækjaskrá. Hér skuli skoðast að Brú Venture Capital hafi notað heitið Brú fyrir ýmis fjárfestingaverkefni sín, en sum af verkefnum séu enn í gangi og önnur ekki. Þar af leiðandi sé eðlilegt að ekki finnist öll verkefni í fyrirtækjaskrá. Rétt sé að Brú Framtak hafi verið afskráð enda sé því fjárfestingarverkefni lokið og sama gildi um Brú II ehf. Þá megi einnig nefna NN slhf., sem áður hafi heitið Brú Emerald slhf. Félagið Brú II Ísland hafi verið til síðan árið 2009, en félagið hafi sameinast félaginu Brú II ehf., sem notað hafi það nafn síðan árið 2002. Félagið sé í fullum rekstri eins og hægt sé að sjá í nýjasta ársreikningi félagsins sem og í eldri ársreikningum þess. Rétt sé að benda á að þó að ársreikningi hafi ekki verið skilað fyrir fyrirtækið þýði það ekki að starfsemi þess hafi fallið niður, enda geti tafir á skilum á ársreikningi átt sér margvíslegar skýringar.
22. Önnur félög sem séu í fullum rekstri séu auk Brú II Ísland, Brú Venture Capital og Brú fasteignafélag ehf. Öll tengist framangreind félög með einhverjum hætti og ætlunin með því að nota auðkennið Brú fyrir framan fyrrgreind félög sé einmitt að sýna hverjir standi á bakvið verkefni, í tengslum við þá fjármála- og fjárfestingastarfsemi sem þar fari fram. Notkun kæranda á auðkenninu BRÚ á Íslandi tengist ekki rekstri eða umsýslu á fagfjárfestingasjóði, sbr. lög nr. 128/2011, þó svo að það eigi við í Lúxemborg. Ljóst sé að aðilar geti haldið úti fjárfestingastarfsemi án þess að falla undir lög nr. 128/2011 og með sama hætti áunnið sér rétt til notkunar á auðkenni. Engu máli skipti í þessu samhengi hvort viðkomandi aðili sé skráður á lista yfir eftirlitsskylda aðila hjá Fjármálaeftirlitinu á Íslandi vegna þeirrar starfsemi sem þar falli undir eða ekki. Þannig geti hvaða aðili sem sé stofnað félag og hafið fjárfestingar, undir ákveðnu nafni, án þess að slíka starfsemi þurfi að skrásetja sérstaklega. Í svari Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga segi að hvorki sé að finna neina fjármála- eða fjárfestingastarfsemi né aðra starfsemi hér á landi undir auðkenninu BRÚ á vegum kæranda. Þetta sé auðvitað rangt. Hér vísist aftur til vefsíðu kæranda, sem vissulega hafi tekið breytingum



í gegnum tíðina og nýlega. Einnig megi vísa til nýjasta ársreiknings, en þar komi m.a. fram að starfsemi kæranda hafi verið rekin með umtalsverðum hagnaði á síðasta ári og að félagið eigi umtalsverða fjármuni í innlendum félögum án þess að þörf ætti að vera til þess að greina það sérstaklega niður í máli þessu. Kærandi geti þó veitt Neytendastofu nánari upplýsingar um innlendar fjárfestingar sínar verði óskað eftir því. Til viðbótar við þetta skuli bent á margvíslegar fréttir og annað sem birst hafi á netinu um kæranda, sem og önnur verkefni félagsins þar sem sömu aðilar hafi notast við auðkennið BRÚ í tengslum við fjármála- eða fjárfestingastarfsemi. Starfsemi af þessu tagi sé auðvitað af því tagi að ekki sé um stöðugar fréttir og auglýsingar að ræða, enda sé slíkt ekki nauðsynlegt til þess að sýna fram á rétt til auðkennis.

23. Öllum staðhæfingum Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga um að kærandi hafi ekki öðlast rétt til vörumerkis sé hafnað, bæði vegna þess að þær séu rangar, enda hafi verið sýnt fram á notkun á vörumerkinu og þar með ekki nauðsynlegt að vörumerkið sé skráð, sem og vegna þess að slíkt mál verði ekki rekin fyrir Neytendastofu. Þá skipti umfjöllun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga um 5. gr. laga nr. 45/1997 engu máli hér enda sé gildissvið laga nr. 57/2005 mun víðtækara hvað þetta varði og tryggi vernd auðkenna á sviðum sem lög nr. 45/1997 nái ekki til. Búast megi við því af hálfu Neytendastofu að aðallega komi til skoðunar ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Í nýlegri ákvörðun Neytendastofu frá 24. ágúst 2016 (38/2016) sé ákvæðið skýrt nánar og samkvæmt því sé því einmitt ætlað að vernda það tilvik sem hér sé til umfjöllunar.
24. Þó svo að kærandi noti auðkenni þar sem BRÚ sé hluti af stærra samhengi sé ljóst að orðið BRÚ sé á engan hátt lýsandi fyrir fjármála- og fjárfestingastarfsemi, á meðan Venture Capital sé það. Orðið BRÚ aðgreini þannig félagið frá öðrum sem starfi við hvers kyns starfsemi í tengslum við fjármála- og fjárfestingastarfsemi. Þeirri fullyrðingu Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að sjóðurinn og kærandi starfi á gjörólíkum markaði sé mótmælt. Ljóst sé að aðalstarfsemi kæranda séu fjárfestingar og þá sé lögbundið hlutverk Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga ávöxtun eigna sjóðsmanna sinna eða m.ö.o. fjárfestingar. Báðir aðilar komi því fram sem fjárfestar og séu þá sem slíkir á nákvæmlega sama markaði. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi réttilega bent á að í fyrirtækjaskrá komi upp 20 fyrirtæki sem innihaldi orðið BRÚ í heiti sínu. Kærandi geri engar athugasemdir við önnur þau fyrirtæki sem þar séu skráð, enda virðist þau öll starfa á gjörólíkum markaði, enda sé þar um að ræða fasteignasölu, flutningafyrirtæki og félag stjórnenda svo eitthvað sé nefnt.
25. Eins og áður hafi verið rakið sé kærandi ekki fagfjárfestastjóður á Íslandi, enda snúi málið ekki að því og sé það ekki sú þjónusta sem hér um ræði. Málið snúi að þeirri ruglingshættu sem blasi við þegar tveir lögaðilar sem starfi við fjárfestingar noti sama auðkenni. Þannig leiti einstaklingar og fyrirtæki til kæranda með viðskiptahugmyndir og beiðnir um fjárfestingar með sama hætti og leitað sé til Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga um nákvæmlega sömu

hluti. Með vísan til alls framangreinds sé fyrri krafa ítrekuð og þess krafist að Neytendastofa banni Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga tafarlaust alla notkun auðkennisins BRÚ fyrir hvers kyns starfsemi sína sem lífeyrissjóður, fjármálafyrirtæki og fjárfestingaraðili, enda hafi kærandi áunnið sér allan rétt til þess að nota auðkennið fyrir hvers kyns fjármála- og fjárfestingastarfsemi.

26. Bréf kæranda var sent Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga með bréfi Neytendastofu, dags. 20. september 2016. Svar barst með bréfi, dags. 10. október 2016. Í bréfinu segir að á þessu stigi, um leið og ítrekað sé það sem þegar hefur komið fram, telji Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga nauðsynlegt að áréttta sérstaklega og koma á framfæri við Neytendastofu hvert hlutverk og starfsemi lífeyrissjóðsins sé. Því sé haldið á lofti í bréfi kæranda að starfsemi lífeyrissjóða sé að stórum hluta fjárfestingar. Slíkt sé alrangt og vilji sjóðurinn benda á eftirfarandi í því sambandi.
27. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfi á grundvelli laga nr. 129/1997. Í IV. kafla þeirra komi fram almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar og skuli sérstaklega vísað til 1. másl. 2. mgr. 20. gr. laganna þar sem segir: „Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðið í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.“ Hlutverk lífeyrissjóða og þar með talið Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé skýrt afmarkað í lögum. Hlutverk sjóðsins sé að tryggja sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri. Sjóðurinn greiði sjóðsfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri auk lífeyris til eftirlifandi maka, sambúðarmaka eða barna sjóðsfélaga. Ellilífeyristryggingar séu aðaláhersla sjóðsins og hafi sjóðurinn ekki með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg sé til að sinna því hlutverki. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sé hluti af hinu íslenska lífeyriskerfi. Eins og það kerfi sé starfrækt í dag sé um að ræða þriggja stoða kerfi. Þ.e. fyrsta stoðin sé almennur lífeyrir sem sé hlut af almennatryggingakerfi. Önnur stoð séu sjálfstæðir, starfstengdir samtryggingasjóðir með skylduáðild. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sé einn slíkra. Þriðja stoðin sé valfrjáls viðbótarlífeyrissparnaður. Sjóðsfélagar Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga séu aðallega starfsmenn sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja. Sjóðsfélagar séu sá hópur sem Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga markaðssetji sig gagnvart. Í starfsemi sjóðsins sé ávallt notað hugtakið sjóðsfélagar en ekki viðskiptamenn um þá einstaklinga sem hafi aðild að lífeyrissjóðnum. Sjóðurinn varðveiti fjármuni fyrir sjóðsfélaga sína sem síðar komi til með að vera greiddir út til þeirra aftur í formi lífeyris. Á meðan fjármunir séu í vörslu sjóðsins séu þeir ávaxtaðir innan þess ramma sem fram komi í lögum nr. 129/1997, þ.e. sameiginlega með innlánnum í bönkum og sparissjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingastefnu.
28. Fullyrðing í bréfi kæranda um að einstaklingar og fyrirtæki leiti til Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga með viðskiptahugmyndir og beiðnir um fjárfestingar með sama hætti og leitað sé til kæranda sé röng. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga geti engu að síður sem kaupandi á fjárfestingamarkaði leitað til aðila sem bjóði slíka þjónustu. Brú Lífeyrissjóður

starfsmanna sveitarfélaga sé alltaf kaupandi á fjárfestingamarkaði en ekki söluaðili þjónustu eða annars á slíkum markaði. Sjóðurinn geti því verið fjárfestir í fjárfestingasjóði að því leyti að slíkur sjóður getur kynnt fyrir lífeyrissjóðnum fjárfestingatækifæri sem hann geti nýtt til að ávaxta fé sinna sjóðsfélaga. Viðskiptavinir og markaður séu aldrei þeir sömu hjá lífeyrissjóðnum og fjárfestingasjóðnum. Starfsemin sé gjörólík og engin hætta sé á ruglingi þar á milli.

29. Leggja verði sérstaka áherslu á þetta í máli þessu þar sem þessa misskilnings virðist oft gæta á meðal almennings og greinilega hjá kæranda. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfi fyrir sjóðsfélaga sína og sé allri markaðssetningu sjóðsins beint að þeim hópi. Sjóðsfélagar séu einstaklingar sem starfi hjá sveitarfélögum landsins. Aðild að lífeyrissjóðnum sé kjarasamningsbundin með kjarasamningi BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Sem dæmi mega nefna að leikskólakennarar og slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn séu með kjarasamningsbundna aðild að Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga ásamt fleiri starfsstéttum og teljist því til sjóðsfélaga sjóðsins. Það sé alveg ljóst að kærandi markaðssetji sig ekki í samkeppni við Brú Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Sjóðsfélagar geti ekki leitað til kæranda með þá þjónustu sem Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga veiti. Tilhugsunin um mögulegan rugling hjá neytendum sé í raun eins fjarlæg og hugsast geti.
30. Það sé í raun erfitt að henda reiður á hver starfsemi kæranda sé. Félagið virðist í gegnum tíðina hafa verið í einhvers konar fjárfestingastarfsemi. Mjög erfitt sé að henda reiður á umfang starfsemi félagsins, en af þeim upplýsingum sem liggja fyrir megi ætla að starfsemin falli undir það sem kallist fjárfestingafélag. Mikilvægt sé að átta sig á því að kærandi reki ekki starfsemi sem auglýst sé eða talist geti á markaði fyrir almenna neytendur. Sú starfsemi, að bjóða almenningi að ávaxta fyrir félagið fé, sé leyfissskyld, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu sé enginn aðili sem ber heitið Brú á lista yfir aðila sem tilkynnt hafa sig inn á grundvelli þeirra laga. Kærandi hafi heldur ekki lagt fram slíkt starfsleyfi. Eins og fram hafi komið áður sé heldur enginn aðili á lista Fjármálaeftirlitsins yfir verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði sem innihaldi heitið Brú. Viðskiptavinir kæranda geti þá í raun talist fyrirtæki sem séu að leita að fjármagni. Sá hópur sé allt annar og öðruvísi samsettur en sjóðsfélagar Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu sé engin hætta á ruglingi á meðal neytenda á aðilunum tveimur.
31. Félög í eigu kæranda séu skráð undir ýmsum heitum í fyrirtækjaskrá. Við skráningu í fyrirtækjaskrá gildi önnur lög málgá um heiti en gildi á grundvelli laga nr. 45/1997 og laga nr. 57/2005, sem einnig verndi auðkenni á markaði. Unnt sé að skrá fyrirtækjaheiti, þ.e. heiti á félagi, í fyrirtækjaskrá beri það ekki nákvæmlega sama heiti og annað félag sem sé þar fyrir. Skráning á félagi í fyrirtækjaskrá veiti ekki víðtækari einkarétt til viðkomandi heitis en þetta feli í sér. Hugsanlegur víðtækari einkaréttur til ákveðins auðkennis og þar með talið vörumerkis á markaði komi til á grundvelli annars vegar laga nr. 45/1997 og hins vegar laga nr. 57/2005.

Mat hvort um brot á slíkum einkarétti sé að ræða fari því ávallt eftir þeim viðmiðum sem þau lög setji. Eins og komið hafi fram áður stofnist ekki til einkaréttar á grundvelli laga nr. 45/1997 nema ákveðið auðkenni sé notað á markaði, þ.e. vörumerkjaréttur stofnist með notkun vörumerkis sem sé og hafi verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu. Farið sé nánar yfir þessi skilyrði í fyrra bréfi Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og vísist til þess.

32. Grundvallaratriði sé þó, eins og þar komi fram, að notkunin sé þannig að um raunverulega notkun sé að ræða á markaði. Í athugasemdum kæranda við fyrra bréf Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga séu lögð fram gögn sem kærandi telji sanna notkun félagsins á auðkenninu BRÚ. Fjarri lagi sé að tekist hafi að sanna nokkuð sem falið geti í sér vörumerkjarétt. Sú staðreynd að ársreikningum hafi verið skilað fyrir ákveðin félög og afrit af óendurskoðuðum ársreikningum sem sýni rekstrar- og efnahagsreikning sýni á engan hátt ákveðna notkun auðkennis á markaði gagnvart neytendum fyrir ákveðna vöru og/eða þjónustu. Kærandi leggi einnig fram afrit úr umfjöllun fjölmiðla sem sýni fréttir af tengdum félögum. Þar sé að finna fréttir af því að viðkomandi félög hafi fjárfest í öðrum, nánast undantekningarlaust erlendum, félögum; fréttir af nýjum stjórnendum þessara félaga; fréttir af því að eitt þessara félaga sé nú að hluta til í eigu Ríkissjóðs, auk útprentana af LinkedIn og afrit af ódagsettu kynningarefni þar sem engar upplýsingar fylgja með um hvar efnið hafi verið birt eða dreift. Þar fyrir utan sé meginpartur þessara gagna frá árinu 2003-2007, þ.e. 9-13 ára gömul. Ef þessi gögn verði talin hafa sannað einhvern einkarétt á þeim árum sem þau séu frá sé sá einkaréttur fallinn niður. Til að sýna fram á rétt á grundvelli notkunar sé ljóst að notkunin þurfi að vera viðvarandi og enn til staðar.
33. Nýrri gögn, þ.e. frá 2016, sýni notkun eftir að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi fengið heiti sitt skráð. Þar að auki séu annars vegar frétt þar sem Brú Emerald óski eftir framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðara frá Grindavík að Ásbrú. Þessi frétt sanni ekki notkun á auðkenninu BRÚ sem geti talist máli þessu viðkomandi. Ekkert í fréttinni sýni fram á starfsemi eða notkun fyrir auðkennið BRÚ sem tengist fjárfestingum og þaðan af síður starfsemi lífeyrissjóðs. Hins vegar sé frétt um að Ríkissjóður hafi eignast eignarhlut í 16 félögum sem hluta af stöðugleikaframlagi slitabúa og þ.á.m. sé félagið Brú II Venture Capital Fund. Ekkert í þessari frétt sýni fram á starfsemi eða notkun fyrir auðkennið BRÚ sem tengist fjárfestingum og þaðan af síður starfsemi lífeyrissjóðs. Varðandi útprentun af heimasíðunni bru.is vísist til þess sem áður hafi komið fram. Ekkert af þessum gögnum geti talist sýna notkun á markaði á ákveðnu auðkenni samfellt fyrir ákveðna vöru og/eða þjónustu.
34. Vilji svo ólíklega til að Neytendastofa telji að slíkt geti verið sé ljóst að þessi gögn sýni ekki notkun á ákveðnu auðkenni fyrir starfsemi sem talist geti lík starfsemi lífeyrissjóða þannig að ruglingi geti valdið. Verði litið nánar til laga nr. 57/2005 séu fyrri sjónarmið ítrekuð. Til áréttingar og þá sérstaklega hvað varði 15. gr. a. laganna, enda leggi kærandi áherslu á það ákvæði í síðari athugasemdum sínum, bendi Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga á að sjóðurinn eigi skráð það fyrirtækjaheiti. Því sé alveg ljóst að báðir aðilar eigi firmaheiti sem

innihaldi heitið BRÚ. Kærandi haldi því þá fram að leggja verði bann við notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á framangreindu firmaheiti þar sem það geti leitt til þess að villst á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Við mat á þessari mögulegu hættu verði að horfa til þess hvort fyrirtækin tvö starfi á sama markaði, með hvaða hætti auðkennin séu notuð og hvort fyrirtækið og Lífeyrissjóðurinn hafi sama markhóp. Með vísan til þessara skilyrða sé alveg ljóst að engin hættu sé á því að notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á sínu heiti geti leitt til þess að villst verði á því og heiti sem kunni að vera í eigu kæranda. Fyrirtækið og Lífeyrissjóðurinn starfi ekki á sama markaði og noti umdeild auðkenni á mjög mismunandi hátt, þ.e. bæði hvað varði útlit og samhengi við önnur heiti. Þá sé ljóst að sjóðsfélagar Lífeyrissjóðsins séu ekki markhópur sem kærandi markaðssetji sig gagnvart. Með vísan til alls framangreinds og þess sem áður hafi komið fram séu ítrekaðar kröfur um að Neytendastofa taki kvörtunina ekki til greina.

35. Kæranda var sent bréf Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. október 2016. Með bréfinu var aðilum málsins jafnframt tilkynnt að gagnaöflun þess væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

#### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

36. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðun er rakið að málið varði kvörtun kæranda yfir notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ. Að mati kæranda brjóti notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu gegn ákvæðum 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Starfsemi beggja aðila snúi að fjárfestingum og því valdi notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu, í heiti sínu, vefslóð og myndmerki, hættu á ruglingi við kæranda. Ruglingshætta sé enn meiri þegar Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga noti auðkennið BRÚ eitt og sér eins og dæmi séu um á vefsíðu sjóðsins. Af hálfu Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé því hafnað að brotið sé gegn nefndum ákvæðum. Aðilar séu ekki keppinautar á markaði og beini starfsemi sinni að ólíkum markhópum. Þá hafi ekki verið sýnt fram á einkarétt kæranda til auðkennisins, auk þess sem myndmerki þeirra séu afar ólík.
37. Í ákvörðuninni er rakið að kærandi eigi skráð firmaheitið Brú Venture Capital ehf. hjá fyrirtækjaskrá auk þess að eiga skráð orð- og myndmerki hjá Einkaleyfastofunni. Þá hafi félagið átt skráð lénnafnið bru.is hjá ISNIC frá árinu 2003. Í bréfum kæranda hafi komið fram að félagið hafi notast við auðkennið BRÚ í heiti sínu og tengdra félaga frá árinu 2003. Þá er rakið að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi notast við nafn sitt frá júnímánuði 2016. Sjóðurinn eigi skráð firmaheiti sitt hjá fyrirtækjaskrá og lénnafnið lifbru.is hjá ISNIC. Þá eigi Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga skráð orð- og myndmerki hjá Einkaleyfastofunni.
38. Aðila málsins greini á um það hvort þeir geti talist keppinautar á markaði þannig að ruglingshætta geti skapast samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Af hálfu kæranda hafi verið á

Það bent að þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé ekki nákvæmlega sú sama sé ljóst að meginstarfsemi lífeyrissjóða séu fjárfestingar og það sama gildi um kæranda. Þeir starfi því sem slíkir á nákvæmlega sama markaði. Af hálfu Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hafi hins vegar verið bent á að starfsemi kæranda virðist vera á sviði fagfjárfestinga og því séu viðskiptamenn kæranda aðeins þeir sem hafi yfir að búa reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka ákvarðanir um fjárfestingar. Þá gildi lög nr. 128/2011 um starfsemi fagfjárfestasjóða um starfsemi kæranda. Starfsemi Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé hins vegar á sviði lífeyrissjóða og heyri undir lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Viðskiptamenn Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga séu því almennir launamenn.

39. Í hinni kærðu ákvörðun er rakið að í daglegu tali sé orðið brú almennt og lýsi, skv. íslenskri orðabók Forlagsins, „mannvirki til að tengja saman tvo staði yfir vatnsfall (gil, skurð) eða aðra torfæru“. Neytendastofa telji orðið hins vegar ekki lýsandi fyrir starfsemi aðilanna og verði því að telja auðkennið sérkennandi og geta notið einkaréttar eins og hér standi á. Báðir aðilar notist við sama auðkenni í upphafi firmaheita sinna en í báðum tilvikum sé öðrum orðum bætt aftan við, þ.e. Brú Venture Capital og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Þó hafi verið á það bent að Brú Venture Capital hafi notað auðkennið fyrir tengd félög, sem beri þá ólíkar endingar, og að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga noti heitið Brú Lífeyrissjóður, a.m.k. á vefsíðu sinni. Kærandi eigi skráð lénnafnið bru.is og annað af tveimur myndmerkjum félagsins innihaldi aðeins orðið brú. Því séu dæmi þess að félagið notist við auðkennið eitt og sér.
40. Í ákvörðuninni er síðan komist að þeirri niðurstöðu að myndmerki aðilanna séu töluvert ólík þrátt fyrir að í báðum merkjum komi fyrir bogadregnar línur, eins og bent hafi verið á af hálfu kæranda. Myndmerki kæranda sé annars vegar bogadregin lína eða brú í dökkum bláum lit þar sem orðið „brú“ komi fyrir í lágstöfum og myndi miðhluta brúarinnar. Hins vegar sé um að ræða sama myndmerki en undir myndinni sé í svörtu letri og hástöfum, en þó með smærri letri, ritað „VENTURE CAPITAL“. Myndmerki Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé mynd af fjórum bogadregnum línum eða brúm; einni rauðri, einni gulri, einni grænni og ein blárrí. Við hlið myndarinnar standi í svörtu letri og hástöfum „BRÚ“ og þar undir í sama letri og sömu stærð með lágstöfum „lífeyrissjóður“. Neytendastofa telji því verulega bera í milli á myndmerkjum aðilanna.
41. Við ákvörðun um hvort Brú Venture Capital geti notið einkaréttar á auðkenninu BRÚ og hvort notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga feli í sér brot gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 þurfi að fara fram heildarmat á öllum framangreindum þáttum. Vægi sérkenningar auðkennisins og þeirra líkinda sem auðkenni tveggja fyrirtækja geti borið án þess að ruglingshætta skapist ákvarðist af því hversu lík starfsemi fyrirtækjanna sé. Þannig séu gerðar meiri kröfur til sérkennis og líkinda auðkenna ef fyrirtæki starfi á ólíkum mörkuðum, og öfugt.

42. Með vísan til ofangreindrar lýsingar á starfsemi fyrirtækjanna telji Neytendastofa kæranda og Brú Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga ekki vera keppinauta á markaði. Þrátt fyrir að fjárfestingar komi við sögu í starfsemi beggja aðila sé það með afar ólíkum hætti og meginstarfsemi þeirra ólík, auk þess sem líta verði til þess að fyrirtækin beini starfsemi sinni að ólíkum markhópum. Því sé starfsemi þeirra ekki með slíkum hætti að ruglingshætta skapist fyrir neytendur. Þá telji stofnunin notkun Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu, þ.e. að auðkennið sé ekki notað eitt sér, og að myndmerki aðilanna séu töluvert ólík leiða til þess að notkunin feli ekki í sér brot gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Neytendastofa telji því ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu eða banna notkun auðkennisins á grundvelli laga nr. 57/2005.

### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

43. Í kæru sinni mótmælir kærandi þeim röksemdum sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun og hafnar því að myndmerki aðilanna séu ólík. Í því sambandi bendir kærandi annars vegar á að bæði merkin notist við brú sem tákn og að hins vegar liggi fyrir að þegar aðilar starfi á sambærilegum eða svipuðum mörkuðum þurfi að gera ríkari kröfur til þess að myndmerki séu verulega ólík þegar um sé að ræða myndmerki sem ekki séu almenn eða lýsandi fyrir þá starfsemi og markaði sem aðilar starfi á. Báðir aðilar komi fram sem fjárfestar og starfi sem slíkir á nákvæmlega sama markaði.
44. Með bréfi, dags. 15. febrúar 2017, var óskað afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Í athugasemdum Neytendastofu, dags. 2. mars 2017, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Bent er á að þrátt fyrir að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga ávaxti fjármuni sjóðsfélaga sinna og stundi með þeim hætti fjárfestingar komi lífeyrissjóðurinn aldrei fram gagnvart viðskiptavinum sínum, þ.e. sjóðsfélögum, sem fjárfestingafélag. Geti aðilar því ekki talist keppinautar. Þá telji Neytendastofa að líkindi með myndmerkjum þeirra séu hverfandi.
45. Með bréfi, dags. 14. mars 2017, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við afstöðu Neytendastofu. Athugasemdir hans bárust áfrýjunarnefndinni með bréfi, dags. 28. febrúar 2017. Bendir kærandi á að vöruúrval fjármálatengdrar starfsemi geti tekið breytingum og geti fyrirtæki í slíkri starfsemi því auðveldlega orðið meiri keppinautar innan fjármálatengdrar starfsemi annan daginn heldur en hinn. Óumdeilt sé að báðir aðilar starfi við fjármálatengda og fjárfestingatengda starfsemi. Kærandi hafi á þeim markaði notað auðkennið BRÚ og það sé á engan hátt lýsandi fyrir starfsemi á þeim markaði, óháð því hvort bein starfsemi kæranda innan fjármálatengdrar eða fjárfestingastarfsemi kæranda raskist við starfsemi Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.
46. Með bréfi, dags. 30. mars 2017, var Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærana. Athugasemdir lífeyrissjóðsins bárust nefndinni með bréfi, dags. 21. apríl 2017. Þar áréttar lífeyrissjóðurinn að aðilar geti ekki talist keppinautar á markaði og að af 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997 leiði að kærandi markaðssetji sig ekki í samkeppni við lífeyrissjóðinn. Viðskiptavinir lífeyrissjóðsins geti ekki leitað til kæranda með þá þjónustu sem lífeyrissjóðurinn veiti.

47. Því sé mótmælt að kærandi eigi skráð orð- og myndmerki hjá Einkaleyfastofunni. Hið rétta sé að ekki sé til skráð vörumerkið BRÚ VENTURE CAPITAL eða önnur vörumerki í eigu kæranda. Á hinn bóginn eigi lífeyrissjóðurinn skráð vörumerkið BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA sem orðmerki. Að því er varði skráningu firmaheitisins BRÚ VENTURE CAPITAL hjá fyrirtækjaskrá sé bent á að sjö önnur fyrirtæki sé að finna í skránni sem notist við orðið Brú. Nafn kæranda hafi orðið til árið 2012 og séu litlar upplýsingar til um raunverulega starfsemi þess félags. Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga geri athugasemd við þá afstöðu Neytendastofu að kærandi hafi notast við auðkennið BRÚ í heiti sínu og tengdra félaga allt frá árinu 2003. Notkun kæranda á auðkenninu sé í raun mjög takmörkuð ef nokkur. Þau gögn sem lögð séu fram því til stuðnings séu 9 til 13 ára gömul. Þegar af þeirri ástæðu geti ekki talist ástæða til aðgerða til verndar réttindum sem ekki séu til staðar. Þá sé hafnað þeim sjónarmiðum kæranda að sú staða kunni að koma upp í framtíðinni að aðilar verði keppinautar, enda verði að miða við atvik eins og þau liggja fyrir nú.

## **NIÐURSTAÐA**

48. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að aðhafast ekki vegna kvörtunar kæranda til stofnunarinnar vegna notkunar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á auðkenninu BRÚ, en kærandi telur umrædda notkun brjóta í bága við 15. gr. a laga nr. 57/2005.
49. Í upphaflegu erindi sínu til Neytendastofu, dags. 28. júlí 2016, vísar kærandi til þess að hann hafi notað auðkennið BRÚ frá árinu 2003. Í gögnum málsins liggur fyrir útprentun úr fyrirtækjaskrá þar sem fram kemur að stofngögn í fyrirtækjaskrá eru dagsett 16. júlí 2008. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 16. september 2016, kemur fram að kærandi hafi upphaflega heitið Thule Englar ehf. en tekið upp núverandi heiti, Brú Venture Capital ehf., síðar. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að það hafi gerst 23. maí 2012. Á hinn bóginn vísar kærandi einnig til þess að félagið Frumkvöðull ehf. hafi upphaflega heitið núverandi nafni kæranda, en kærandi „eignast rétt“ til þess að notast við nafnið í „viðskiptum sem ekki þýðingu fyrir það mál sem hér er til umfjöllunar.“ Síðar hafi Frumkvöðli ehf. verið slitið. Þá vísar kærandi til fimm nafngreindra fyrirtækja sem hafi notast við auðkennið BRÚ í heitum sínum „í tengslum við fjármála- og fjárfestingastarfsemi“ kæranda. Um sé að ræða félögin Brú Framtak, Brú II Sicar, Brú Fjárfestingar, Brú Emerald og Brú II.
50. Þótt fyrir áfrýjunarnefndinni liggi fyrir gögn sem beri með sér að fyrirtækið Frumkvöðull ehf. hafi notast við auðkennið Brú og borið núverandi heiti kæranda verður ekki af þeim ráðið hvernig kærandi tengdist því félagi eða tók við réttindum þess til notkunar auðkennisins BRÚ. Þá verður af þeim gögnum, sem kærandi hefur lagt fram um notkun fyrrgreindra félaga á auðkenninu, ekki heldur ráðið hvernig réttur kæranda til auðkennisins verður leiddur af notkun umræddra félaga, að því undanskildu að svo virðist sem framkvæmdastjóri kæranda hafi árið 2008 setið í stjórn annars félags fyrir hönd félagsins Brú II Venture Capital, sem þó mun hafa verið í eigu „Straums og nokkurra lífeyrissjóða“. Fyrir liggur að árið 2003 var netfangið bru.is skráð hjá ISNIC, Internet á Íslandi hf., og að kærandi er nú rétthafi þess.



51. Í ljósi alls framangreinds er ekki með öllu ljóst hvenær unnt er að slá því föstu að kærandi teljist hafa byrjað að nota auðkennið BRÚ þótt slá megi slíkri notkun fastri frá og með 23. maí 2012. Allt að einu mun Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafa tekið upp núverandi heiti sitt í júní 2016, eða eftir að kærandi hóf sína notkun.
52. Af hálfu kæranda er einkum vísað til þess að ruglingshætta sé á umræddum heitum sem kærandi og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga noti. Samkvæmt 15. gr. a laga nr. 57/2005 er óheimilt að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Samkvæmt síðari málslíð ákvæðisins er enn fremur sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Ljóst er að bæði kærandi og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga nota firmaheiti sem skráð eru í fyrirtækjaskrá. Eiga báðir aðilar því rétt til notkunar á sínum auðkennum, en til álita kemur hvort auðkennin séu svo lík að hætta sé á að þeim verði ruglað saman. Samkvæmt þessu kemur fyrri málslíður ákvæðisins ekki til skoðunar heldur aðeins sá síðari.
53. Í framkvæmd hafa dómstólar og áfrýjunarnefndin gengið út frá að merki eða auðkenni njóti verndar samkvæmt 15. gr. a, eða forverum þess ákvæðis, verði auðkenni talið hafa ákveðna sérgreiningareiginleika eða sérkenni. Auðkenni þarf þannig að vera til þess fallið að greina viðkomandi vöru eða þjónustu frá vörum annarra og má ekki vera lýsandi fyrir viðkomandi starfsemi. Þýr það grundvallarsjónarmið að baki framkvæmd þessari að fyrirtæki sem skrái eða byrji að nota lýsandi auðkenni í þessum skilningi geti ekki hindrað samkeppnisaðila sína í að koma á framfæri einföldum upplýsingum um eðli þeirrar vöru eða þjónustu sem þeir bjóði. Aðilar deila um það hvort unnt sé að rugla saman firmaheitum þeirra, sem bæði innihaldi orðið BRÚ. Verður ekki talið að orðið sé svo almennt eða lýsandi fyrir starfsemi aðila að það njóti ekki verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005, en starfsemi kæranda lýtur að fjárfestingum og Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga er lífeyrissjóður.
54. Við mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi í skilningi fyrrgreinds ákvæðis skiptir m.a. máli hvort viðkomandi fyrirtæki starfi á markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 15. febrúar 2012 (20/2011) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 26. mars 2010 (14/2009). Þá skiptir vitanlega máli hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Þannig er ljóst að því líkari sem auðkennin eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt.
55. Í því máli sem hér er til skoðunar er aðstaðan sú að kærandi lýsir sjálfum sér sem „fjárfestingafélagi“ sem fjármagnað er með hlutafé og lánnum frá lífeyrissjóðum, bönkum og einkaaðilum. Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga er lífeyrissjóður sem starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í samræmi við 20. gr. laganna skal starfsemi slíkra lífeyrissjóða lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Skal ávaxta iðgjöld og annað ráðstöfunarfé sameiginlega

með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingastefnu. Hvoru tveggja starfsemi kæranda og Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga lýtur vissulega að því að taka við fjármagni og ávaxta. Að því er varðar fjármögnun sína er starfsemi aðila hins vegar verulega ólík og að þessu leyti eru aðilar ekki keppinautar á markaði, enda Brú Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga aðeins ætlað að ávaxta skyldulífeyri launþega en kærandi er fjármagnaður með öðrum hætti eins og að framan greinir.

56. Þótt ekki sé loku fyrir það skotið að í fjárfestingastarfsemi sinni geti komið upp sú staða að aðilar stundi sambærilegar fjárfestingar, eða bjóðist sömu fjárfestingamöguleikar, er að mati áfrýjunarnefndarinnar ekki unnt að líta svo á að um sé að ræða aðila á sama markaði í skilningi 15. gr. a laga nr. 57/2005. Eru firmaheiti aðila raunar lýsandi fyrir þá staðreynd að starfsemi þeirra er ólík. Þannig notar kærandi orðin „Venture Capital“ í sínu firmaheiti, sem lýsa nokkuð vel starfsemi hans að því marki sem upplýst er um þá starfsemi fyrir áfrýjunarnefndinni. Þá ber firmaheitið „Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga“ það skýrlega með sér hver starfsemi þess sjóðs er. Ætti ekki að fara framhjá neinum, sem ætlaði sér að stunda viðskipti með fjárfestingafélagi eins og kæranda, að Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga væri ekki þess konar félag. Í þessu samhengi verður að líta til þess að gera má ráð fyrir að í slíkum viðskiptum séu tilvonandi viðsemjendur beggja aðila alla jafnan upplýstari um bakgrunn og hagi fyrirtækja eins og aðila málsins en gengur og gerist í hefðbundnum neytendakaupum. Verður því að ætla að tilvonandi viðsemjendum aðila megi vera ljóst að aðilarnir eru tvö aðskilin félög sem stunda ólíka starfsemi og eru ekki í tengslum hvor við annan. Að öðru leyti er ekki að sjá að slík líkindi séu með merki, kynningarefni eða annarri markaðssetningu aðila að ruglingshætta í skilningi 15. gr. a laga nr. 57/2005 geti skapast með notkun þeirra beggja á auðkenninu BRÚ í firmaheitum þeirra.
57. Með vísan til alls framangreinds verður hin kærða ákvörðun staðfest.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Egill Heiðar Gíslason